

BSRB vill vaxtalækkun og endurskoðun á vísitölugrunni

BSRB krefst þess að raunvextir verði lækkaðir þegar í stað. Himinháir vextir eru að keyra skuldsett heimili og fyrirtæki á kaf og er það fullkomið ábyrðaleyfi af hálfu stjórnvalda að lækka ekki vexti og draga þar með úr óbærilegri skuldabyrði. Þá þarf einnig að huga að róttækum ráðstöfunum til að aðstoða fólk með vísitölubundin lán, ef verðbólgan rýkur upp tímabundið eins og hætta er á að gerist á komandi vikum. Þá er og nauðsynlegt að endurskoða vísitöluútreikninga sem endurspegla liðna tíð en ekki neyslumynstur eins og það er nú.